

Mánudaginn 4 apríl 1921.

Nr. 2/1921.

Emil Randrup

(Eggert Claessen)

gegn

Vidar Vik

(Enginn)

um hve viðtæk sje ábyrgðarskylda samskuldara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. jan. þ. á: „Stefndur, Vidar Vik, greiði stefnandanum, Emil Randrup, kr. 511,18, ásamt $5\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum frá 1. október f. á. til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. — Málskostnaður falli niður“.

Dómur hæstarjettar.

Kröfur áfrýjanda fyrir hæstarjetti eru þær, að hinum áfrýjanda dómi verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1022 kr. 35 a., ásamt $5\frac{1}{2}\%$ vöxtum frá 1. október 1920 til greiðsludags og málskostnað fyrir undirrjetti, svo og málskostnað fyrir hæstarjetti, hvorttveggja eftir mati rjettarins.

Stefndi hefir ekki mætt í hæstarjetti og enginn af hans hendi, og hefir honum þó verið löglega stefnt. Er málið því rekið samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna, tölul. 1, og dæmt samkv. N.L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Samkvæmt viðurkenningarskjali því, er stefndi og Markús Einarsson gáfu út 20. nóv. 1919, fengu þeir í sameiningu veðskuldabryf það, er ræðir um í málinu að láni, og urðu þeir samskuldarar áfrýjanda fyrir þeirri upphæð, er innheimt var samkvæmt skuldabryfjenu. En sem samskuldarar voru þeir hvor um sig skyldir til að endurgreiða skuldina að fullu, þar sem hið gagnstæða var ekki áskilið, og bar þeim

þá jafnframt að svara sömu vöxtum, sem áskildir voru í skuldabréfinu, eða $5\frac{1}{2}\%$. Áfrýjandi átti þannig rjett á að krefjast greiðslu allrar skuldarinnar af stefnda án þess áður að hafa krafið samskuldarann eða þrotabú Markúsar Einarssonar & Co um skuldina að nokkru eða öllu leyti. Það ber því að taka kröfu áfrýjanda til greina, og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 1022 kr. 35 a. með $5\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum frá 1. okt. 1920 til greiðsludags.

Að því athuguðu, að stefndi mætti ekki fyrir sáttanefnd Reykjavíkur við sattaumleitunina í málinu, og að öðru leyti eftir þessum úrslitum, ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hjerði og einnig fyrir hæstarjetti, og ákveðst málskostnaðurinn fyrir báðum rjettum samtals 200 kr. Svo verður hann og að greiða sekt samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819, er ákveðst 8 kr. og rennur í ríkissjóð.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Vidar Vik greiði áfrýjandanum Emil Randrup 1022 kr. 35 a. með $5\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum 1. október 1920 til greiðsludags, og málskostnað í hjerði og fyrir hæstarjetti með samtals 200 krónum. Enn fremur greiði hann sekt til ríkissjóðs 8 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru þannig:

Mál þetta er eftir árangurslausu sattaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. nóvember f. á. af Emil Randrup í Hafnarfirði gegn kaupmanni Vidar Vik hjer í bænum,

og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 1022,35 ásamt $5\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum frá 1. október f. á. til greiðsludags og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýkunar að svo stöddu af kröfum stefnandans í málinu.

Málavextir eru þeir, að 20. nóvember 1919 fengu þeir Markús kaupmaður Einarsson hjer í bænum, sem nú er orðinn gjaldprotta, og stefndur að láni hjá stefnanda veðskuldabryjef, er hann átti, og framseldi Markús Einarsson það síðan til þriðja manns að þar til fenginni heimild frá stefnanda, ritaðri á skuldabryjefið sjálf, og innheimti sá 850 krónur af höfuðstól þess og kr. 172,85 sem áfallna vexti 1. október f. á. Fyrir láninu á skuldabryjefinu hjá stefnanda gáfu þeir Markús Einarsson og stefndur út viðurkenningu eða „Overenskomst“ eins og skjalið er kallað í yfirskrift þess. Taka þeir fram í skjali þessu, að þeir beri fulla ábyrgð á skjalinu gagnvart stefnanda, „samt er begge Undertegnere med sit Gods og Navn ansvarlige for Forpligtelserne“, eins og stendur í skjalinu. Eru það afborgun og vextir af veðskuldabryjefi þessu, sem hinn nefndi þriðji maður hefir innheimt af veðskuld stefnanda, sem stefnandi krefst dóms fyrir yfir stefndum í máli þessu.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að þar sem peningar þeir, er þeir Markús Einarsson og hann fengu fyrir veðskuldabryjef stefnanda, hafi gengið til að kaupa fyrir vörur handa verslun Markúsar Einarssonar, verði stefnandi fyrst að gjöra kröfu í protabú Markúsar, og kveðst hann fús á að borga mismuninn, sem ekki fáist úr því.

Það er in confesso í málinu að þeir báðir, Markús Einarsson og stefndur, hafi fengið hið umrædda veðskuldabryjef að láni hjá stefnanda í fjelagi, og þar sem eigi verður sjed á viðurkenningar-skjali því, er þeir gáfu út fyrir láninu, og sem jafnframt inniheldur skuldbindingu þeirra út af lántökunni, að ábyrgð þeirra út af henni hafi verið sjálfskuldarábyrgð, fær rjetturinn ekki sjed, að stefnandi geti beint kröfu um greiðslu allrar hinnar umstefndu upphæðar að stefndum, og verður því að sýkna hann að henni til hálf.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að málskostnaður falli niður.